

Borgarráð

***Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B-hlutafyrirtækjum***

Á fundi borgarráðs þann 4. október 2018 var svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins lögð fram:

Óskað er eftir því að fá upplýsingar um fjölda þeirra sem starfa fyrir B-hluta fyrirtæki Reykjavíkurborgar í verktöku. Þá er jafnframt óskað eftir upplýsingum um hlutfall af heildarfjölda starfa í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa.

Svar:

Fjármálaskrifstofa óskaði eftir umbeðnum upplýsingum frá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar. Hjálögð eru svör þeirra.

Birgir Björn Sigurjónsson  
fjármálastjóri

Hjálagt:

Svar Félagsbústaða hf., barst með tölvupósti þann 8. desember 2018.

Svar Malbikunarstöðinnar Höfða hf., barst með tölvupósti þann 22. nóvember 2018.

Svar Faxaflóahafna sf., barst með tölvupósti þann 22. nóvember 2018.

Svar Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu bs., barst með tölvupósti þann 26. nóvember 2018.

Svar Orkuveitu Reykjavíkur sf., barst með tölvupósti þann 11. desember 2018.

Svar Sorpu bs., barst með tölvupósti þann 29. nóvember 2018.

Svar Strætó bs., barst með tölvupósti þann 26. nóvember 2018.

Borgarráð Reykjavíkur  
Ráðhúsið, Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

**Svar:** á árinu 2018 hafa 52 fyrirtæki starfað í verktöku fyrir Félagsbústaða. Helstu tegundir verktöku sundurliðast þannig:

Tegund verktöku	fjöldi
Alhliða	4
Blikksmiður	2
Dúkari	2
Flutningar	2
Garðhirða	1
Lyftur	3
Lyklasmíði	2
Málari	6
Múrari	2
Parketslípun	1
Pípari	7
Rafvirki	7
Ræstingar	7
Skiltagerð	1
Smíðar	5
<b>Alls:</b>	<b>52</b>

Það sem af er ári hefur vinnuliður verktaka numið 468,2 millj. kr. lauslega má áætla að um sé að ræða 40-50 ársverk samanborið við 23 stöðugildi hjá Félagsbústöðum.

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.


*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar:

Hjá Malbikunarstöðinni Höfða hf. starfa 39 fastráðnir starfsmenn í dag. Verkefni eru árstíðabundin og að talsverðu leyti háð tíðarfari. Það er því afar mismunandi á milli ára hversu margir starfa í verktöku, en miðað við síðustu 2 ár er niðurstaðan þessi:

Verkefni	Ársverk
Umsjón með mötuneyti og þrif í bækistöð	1
Vetrarþjónusta	0,7
Akstur	0,08
Viðhald (vérvirkjar, járnsmiðir)	1,67
Viðhald (rafvirkjar)	0,12
Útlögn malbiks	2,1
Samtals ársverk verktaka	5,67

Virðingarfyllst,



Halldór Torfason.

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar:

- Þrif á húsnæði í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu eru keypt í verktöku á föstu verði með hreinlætisvörum.

Unnið utan dagvinnutíma alls u.þ.b. 650 tímar árið 2017.

- Afleysingar í hafnargæslu á Grundartanga eru aðkeyptar í verktöku.

Unnið í vaktavinnu alls 1.262,5 tímar árið 2017.

- Tímabundin öryggisgæsla vegna komu farþegaskipa við Skarfabakka og í Gömlu höfninni er keypt í verktöku.


Unnið í vaktavinnu, alls 7.189 tímar árið 2017.

*Samtals 9.101,5 tímar árið 2017 eða 4,38 ársverk.*

*Ársverk/stöðugildi voru reiknuð 77 hjá Faxaflóahöfnum sf árið 2017.*

*Hlutfall verktöku er 5,7% af þeim heildarfjölda ársverka.*

Reykjavík 22. nóvember 2018



Þórisli Þórislaðsson

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar:

Alls er um einn starfsmann í fullu starfi og sex í hálfu starfi að ræða við ræstingar skv. samningum við SHS, einn starfsmann í hálfu starfi í mötuneyti og eitt og hálf stöðugildi í þjónustuveri skv. samningum við Rekstrarfélag leigjenda í Skógarhlíð (húsfélag, SHS greiðir hluta af kostnaðinum).

Starfsmaðurinn sem er í fullu starfi við ræstingar er sá eini sem starfar á eigin vegum, hinir eru allir starfsmenn fyrirtækja.

Hlutfall starfa í verktöku af heildarfjölda starfa hjá SHS:

	starfsmenn	hlutfall af heild	stöðugildi	hlutfall af heild
<b>SHS</b>				
ræsting	7	3,7%	4	2,1%
<b>RL, hlutur SHS</b>				
mötuneyti og þjónustuver	3	1,6%	0,5	0,3%
<b>Alls</b>	<b>10</b>	<b>5,2%</b>	<b>4,5</b>	<b>2,4%</b>

Reykjavík, 11.12.2018  
BFB/

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar:

Hjá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur eru 20 verktakar sem eru daglega í vinnu hjá samstæðunni. Heildarfjöldi fastráðinna starfsmanna í byrjun desember var 538, verktakar eru því 3,7% af starfsmannafjölda.

Til viðbótar eru svo fjöldi verktaka sem sinnir hinum ýmsu framkvæmda- og viðhaldsverkum sem unnin eru eftir útboð og verðfyrirspurnir.



aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar:

Mat á fjölda starfa hjá þeim verktökum sem unnið hafa útboð á vegum SORPU við akstur og flutning úrgangs og þrif eru ásamt viðhaldsþjónustu 27 störf. Heildarfjöldi ársverka hjá SORPU eru um 110. Hlutfallið er því 24,5% af ársverkafjöld.

**Varðar: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda starfsfólks í verktöku hjá B- hlutafyrirtækjum**

Vísað er til beiðni fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 21. nóvember 2018, um upplýsingar um fjölda starfa í verktöku hjá B- hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar.

*Hversu margir starfa fyrir félagið í verktöku, þ.m.t. vegna viðhalds, aksturs og þrifa, og hvert er hlutfall þeirra starfa af heildarfjölda starfa hjá félaginu?*

Svar: Strætó bs.

Fjöldi starfsmanna sem vinna hjá rekstraraðilum sem sinna verkþáttum sem boðnir hafa verið út hjá Strætó.

Í aðkeyptum akstri er fjöldi starfsmanna 2018, 145 vagnstjórar.

Í aðkeyptum akstri hjá rekstraraðilum ferðaþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra, um er að ræða tæplega 100 ökumenn hjá um 20 verktökum.

Í ræstingum liggja ekki fyrir nákvæmur fjöldi stöðugilda.